



Kópavogi, 20. nóvember 2025.

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Núpur

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Núps uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd.**

Athugasemdir:

Eftir yfirlstur leikskóladeildar á starfsáætlun var haft samband við stjórnendur með það að markmiði að gefa þeim kost á að endurskoða og lagfæra tiltekin atriði. Í kjölfar þess tóku stjórnendur ákvörðun um að nýta sér ekki þann möguleika að þessu sinni. Þess í stað var ákveðið að taka umrædd atriði til frekari skoðunar og vinna þau inn í starfsáætlun næsta starfsárs.

Það virðist sem skólanum hafi ekki borist tilkynning um að Skólapúlsinn myndi senda út viðhorfskönnun til starfsfólks síðastliðið vor. Enn hefur ekki fengist niðurstaða um af hvaða orsökum það var, og því ekki ljóst hvers vegna þátttaka starfsfólks fór ekki fram.

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn**, **Ljósgrænn**, **Gulur**, **Appelsínugulur**.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://viðmið.um.gæðastarf.í.leikskólum|Reykjavíkurborg(reykjavik.is))



Leikskóli: Núpur
Dagsetning yfirferðar: 24. október 2025.

Starfsáætlun	Dökkgrænn,Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Umfjöllun stjórnenda um starf síðasta árs með þeim áherslum og áskorunum sem voru í leikskólastarfinu.
Leiðarljós		Einkunnarorð leikskólans eru „ sjálfstæði, sköpun, samvinna og gleði “ en orðin lýsa þeim áherslum og markmiðum sem unnið er með í skólanum.
Innra mat leikskólans 2024-2025		Gerð eru góð skil á hvað var metið á skólaárinu ásamt niðurstöðum.
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Skólapúlsinn framkvæmdi viðhorfskönnun á meðal foreldra og starfsfólks. Niðurstaða meðal foreldra var almenn ánægja þeirra með starfs skólans en þeir bentu á að gott upplýsingaflæði væri til þeirra en bæta mætti dagleg samskipti. Ekki eru gerð grein fyrir niðurstöðu viðhorfskönnunar meðal starfsfólks sem framkvæmd var af Skólapúlsinum en gerð eru góð skil á niðurstöðu starfsþróunarsamtala.
Umbótaáætlun leikskólans		Greinagóð Umbótaáætlun fylgir
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs - Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er í innleiðingaferli í Núpi og mun verða unnið markvisst að henni á komandi skólaári. - Fram kemur að unnið er samkvæmt Heimsmarkmiðum í skólanum þó ómarkvisst sé. Stefnt er að því að gera markmiðin sýnilegri í starfi skólans á komandi skólaár. - Tilgreint er að vinna við læsisstefnu er í gangi en ekki kemur fram hvernig innleiðingu hennar verður háttað - Endurskoðun skólanámskrár er á lokametrinum og er áætlað að sú vinna klárast fyrir áramót Ekki er komið inn á eftirfarandi atriði í starfsfjáætlun - Hvort leikskóli sé réttindaskóli UNICEF, og ef ekki hvenær þau hyggjast hefja það ferli - Hvernig unnið verður að viðmiðum um málstefnu og innleiðingu hennar á skólaárinu - Hvernig vinna við nýjar áherslur í aðalnámskrá gengur



		- Hvort Hæfnirammur í íslensku sé nýttur í skólanum og hvort hann er nýttur fyrir öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn - Hvort að allt starfsfólk skólans sé meðvitað um Farsældina og hvað felst í farsældarlögunum - Hvernig starf Lausnarteymis í skólanum gengur - Hvernig unnið er með verkefnið Okkar skóli
Þróunar- og nýbreytnistarf		Á liðnu skólaári var unnið að þróunarverkefninu „Tónlistarupptökur í leikskólanum Núpi“. Afraksturinn var stuttskífan „Sjálfsmyndir“ (ný verkefni, til að mynda þróunar- og samstarfsverkefni)
Foreldrasamstarf		Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við skólann. Vel er skilgreint hver verkefni þeirra eru og hversu oft er fundað. Á árlegum aðalfundi foreldrafélagsins er kosið bæði í ráð og félag. Bæta mætti við hvernig foreldrar sem ekki eru á fundinum eru upplýstir hverjir sitja í ráðinu og félaginu.
Starfsfólk		Samsetning starfsfólks er gerð góð skil og er ánægjulegt að sjá að 57% starfsfólks eru kennaramenntaðir.
Símenntunaráætlun		Greinagóð Símenntunaráætlun fylgir.
Skipulagsdagar		Fram kemur hvenær skipulagsdagar verða á skólaárinu en ekki er tilgreint viðfangsefni fyrir hvern dag fyrir sig.
Aðrar upplýsingar		Fram kemur hve mörg börn verða í skólanum á komandi skólaári ásamt aldursskipting, hve mörg börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru í skólanum og fjölda dvalartíma barna. Fram kemur að sérkennslu er sniðin að þörfum sérhvers barns.
Húsnæði og lóð		Góð skil eru gerð á því viðhaldi sem var framkvæmt á liðnu skólaári jafnframt því að skilgreint er hverjar viðhaldsóskir eru fyrir komandi skólaár.
Öryggismál		Öryggisnefnd og áfallaráð er starfandi við skólann.
Lokaorð		Áherslur og umbætur í leikskólastarfinu á komandi starfsári eru gerð góð skil.
Fylgigögn		- Niðurstöður mats - Umbótaáætlun - Matsáætlun Núps - Matsáætlun fyrir rýnihópa barna í Núpi - Samskiptasáttmáli Núps - Símenntunaráætlun - Skóladagatal - Umsögn foreldraráðs



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð gefur starfsáætlun góða umsögn og telur hana lýsa vel því starfi sem fram fer í skólanum.